

17. febrúar 2021

Forsætisnefnd Alþingis  
b.t. Forseta Alþingis  
Hr. Steingríms J. Sigfussonar  
Alþingi  
101 Reykjavík.

Með bréfi dags. 27. júlí 2018 til forseta Alþingis, skilaði undirritaður greinargerð sem settur ríkisendurskoðandi vegna endurskoðunar á ársreikningi Lindarhvols ehf. og tilgreinds eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf., sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum. Jafnframt því að afhenda forseta Alþingis nefnda greinargerð en þar var gerð grein fyrir vinnu undirritaðs og þeim þáttum sem taldir voru veigamiklir í tengslum við eftirliti með framkvæmd samningsins. Greinargerðin var jafnframt send þeim aðilum sem fjallað var um og þar nefndir en þeir eru: fjármála- og efnahagsráðherra, stjórn Lindarhvols ehf., Seðlabanki Íslands og umboðsmaður Alþingis.

Í bréfi undirritaðs til forseta Alþingis dags. 5. desember 2020 var m.a. vísað til fréttar sem birtist í Viðskiptablaðinu hinn 24. september 2020 sem ber heitið „Greinargerð gæti bakað ríkinu bótaskyldu.“ Í greinargerðinni kemur m.a. fram

„Ríkisendurskoðandi telur að það gæti valdið íslenska ríkinu bótaskyldu að gera opinbera greinargerð Sigurðar Þórðarsonar, ad hoc ríkisendurskoðanda um starfsemi Lindarhvols sem send var Alþingi í júlí 2018. Greinargerðin innihaldi staðreyndavillur og missagnir sem gætu, auk bótaskyldunnar, skaðað hagsmuni ríkisins með ýmsum hætti. Þetta kemur fram í umsögn ríkisendurskoðanda til forsætisnefndar Alþingis vegna kæru Viðskiptablaðsins um aðgang að téðri greinargerð.“

Ljóst er að tilvitnanir Viðskiptablaðsins eru sóttar í bréf ríkisendurskoðanda til forseta Alþingis dags. 18. september 2020. Rétt er að geta þess að settum ríkisendurskoðanda hafði ekki verið kynnt efni fyrرنefndis bréfs ríkisendurskoðanda til forseta Alþingis, er varðar beimar ávirðingar á störf hans og ekki heldur þar sem hans er getið í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþings frá apríl 2020. Í því sambandi tel ég að með framsetningu ríkisendurskoðanda í nefndu bréfi hér að framan til forseta Alþingis og umfjöllun um störf míni í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Lindarhvol ehf., þar sem ég tel mig hafa viðhaft fagleg vinnubrögð og að hluta með aðstoð annarra, sé vegið alvarlega að starfsheiðri mínum.

Stjórnsýslu- og eftirlitsnefnd Alþingis óskaði eftir að undirritaður mætti á fjarfund nefndarinnar hinn 25. maí 2020. Á fundinum var til umfjöllunar skýrsla Ríkisendurskoðunar frá apríl 2020 „Lindarhvoll ehf. Framkvæmd samnings við umsýslu, fullnustu og sölu á stöðugleikaeignum.“ Fram kom á fundinum að nefndin hafði ekki séð greinargerð setts ríkisendurskoðanda. Á fundinum var í stórum dráttum gerð grein fyrir þeim viðfangsefnum sem til skoðunar komu í vinnu setts ríkisendurskoðanda og að umfang og efnistök væru önnur en fram kæmu í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Undirritaður hefur yfirfarið skýrslu Ríkisendurskoðunar frá apríl 2020. Í framhaldi af því þykir nauðsynlegt að gerða athugasemdir við fjölmargar ályktanir sem fram koma í skýrslunni, ásamt því með hvaða hætti vitnað er í greinargerð setts ríkisendurskoðanda og annarra gagna sem afhent voru Ríkisendurskoðun við starfslok setts ríkisendurskoðanda.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasendum sem undirritaður vill vekja sérstaka athygli forseta Alþings á og stjórnsýslu- og eftirlitsnefnd Alþingis sé nauðsyn að hafa til hliðsjónar við afgreiðslu nefndarinnar á tittnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Lindarhvols ehf.

## Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Lindarhvol ehf. apríl 2020.

### Árangur Lindarhvols ehf. á starfstíma félagsins.

Ein af meginndurstöðum Ríkisendurskoðunar í skýrslu sinni til Alþingis frá því í apríl 2020 er að:

„Lindarhvoll ehf. skilaði góðri niðurstöðu hvað varðar innlausn á eignum úr stöðugleikaframlagi en áætlað virði stöðugleikaframlagseigna á starfstíma félagsins jókst um 75,9 ma.kr. ....“

Tafla 3.2 (bls. 31) í skýrslu Ríkisendurskoðunar er gerð grein fyrir skiptingu svonefnds virðisauka á starfstíma Lindarhvols ehf. samtals að fjárhæð 75,9 ma.kr. á einstaka málaflokka og ábyrgðaraðila. Þar kemur fram að hlutur Lindarhvols ehf. ásamt innheimtu í umsjón Steinars Þ. Guðgeirssonar hrl. (SPG) f.h. Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytis til apríloka 2016 nemt samtals 11,0 ma.kr. eða 14,5% af svonefndum virðisauka á starfstíma Lindarhvols ehf.

Virðisauki stöðugleikaframlaga skiptist þannig skv. töflu 3.2., bls.31.

	ma.kr.	%
Laust fé.	3,7	4,9
Framseldar eignir í umsjón Lindarhvols ehf. og SPG	11,0	14,5
Skilyrtar fjársópseignir í umsjón slitabúa	9,0	11,8
Framlag vegna viðskiptabanka (arðgreiðslur og vextir)	52,2	68,8
<b>Samtals virðisauki</b>	<b>75,9</b>	<b>100,0</b>

Þess má geta að á starfstíma Lindarhvols ehf. námu arðgreiðslur Íslandsbanka hf. samtals 44,7 ma.kr. eða tæplega 60% af heildarvirðisaukanum. Umsjón með eignarhluta ríkissjóðs í Íslandsbanka hf. var hjá Bankasýslu ríkisins án aðkomu Lindarhvols ehf.

Í inngangi að skýrslu Ríkisendurskoðunar (bls. 9) kemur m.a. fram að:

„Ríkisendurskoðun telur rétt að vekja athygli á því að markmið þessarar úttektar er að kanna hvernig Lindarhvoll ehf. stóð að framkvæmd samnings félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra. Þannig er þessari úttekt ekki ætlað að endurskoða eða gera úttekt á stöðugleikaframlagi fallinna fjármálfyrirtækja eða virði fallinna stöðugleikaeigna við framsal til ríkissjóðs.“

Í upphafi 3. kafla skýrslu Ríkisendurskoðunar, Umsýsla, fullnusta og sala stöðugleikaeigna segir:

„Tilgangur Lindarhvols ehf. var að annast umsýslu, fullnustu og sölu á stöðugleikaframlagseignum. Áhersla var lögð á að hámarka virði þessara eigna fyrir ríkissjóð. Þannig var stefnt að því að greiðslur vegna þeirra næmu að lágmarki bókfærðu virði þeirra. Félagið náði miklum árangri í þessu tilliti, enda jukust verðmæti stöðugleikaframlagseigna á starfstíma félagsins um riflega 73 ma.kr.“

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að Ríkisendurskoðun álykti og gangi út frá að allur svonefndur heildarvirðisauki sé tilkominn vegna starfsemi Lindarhvols ehf. Full ástæða er til að Ríkisendurskoðun geri græn fyrir og rökstyðji hvernig stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu. Þá er ekki síður ástæða til að Ríkisendurskoðun geri græn fyrir hvers vegna hún taldi ekki ástæðu til að meta virði stöðugleikaframlaga við framsal þeirra til ríkissjóðs þar sem virði þeirra var bæði notað til bókunar í ríkisrekningi og sem viðmið við ákvörðun á sölu- og lágmarksverði í fjölmögum tilvikum við fullnustu á eignum og við mat á árangri af samningi ráðherra og Lindarhvols ehf.

### **Áherslur við framkvæmd á fullnustu stöðugleikaframlagseigna slitabúa fjármálfyrirtækja.**

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kafla 2.1 kemur fram að:

„Samkvæmt samningi ráðherra og Lindarhvols ehf. leggur ríkissjóður, sem eigandi stöðugleikaframlagseigna, áherslu á að hámarka verðmæti eignanna. Félagið skal þannig flýta sölu eigna og endurheimtum krafna eins og kostur er, án þess þó að það komi niður á hámörkun verðmæta.”

„Markmið félagsins, samkvæmt samningnum, er að hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði og lágmarka svo sem frekast er unnt kostnað við umsýslu eignanna.”

„Lindarhvoll ehf. skuli taka hæsta gilda tilboði í hverri sölu, enda sé það yfir því lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram.”

Við 2. umræðu frumvarps um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) á Alþingi kom fram það sjónarmið að setja ætti félagini tímamörk. Efnahags- og viðskiptanefnd fjallaði um málið og við þá umræðu kom m.a. fram að Fjármála- og efnahagsmálaráðuneytið áætlaði að félagið næði að fullnusta um 80% verðmæta innan 18 mánaða. Ennfremur, að í samningsdrögum ráðuneytisins væri miðað við að samningurinn gilti til ársloka 2018. Við 3ju umræðu málsins á Alþingi var áréttar að félagið þyrfti nægan tíma til að koma eignum í verð í samræmi við markmið frumvarpsins.

Við framkvæmd á fullnustu stöðugleikafframlagseigna lagði stjórn Lindarhvols ehf. megináherslu á að flýta innlausn á eignum sem kom bæði niður á undirbúningi fyrir sölu og að leitað væri eftir að hámarka söluverð. Samningur fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. var til loka árs 2018 en aðilar urðu sammála um að honum lyki í febrúarllok 2018 og var félagini slitið í kjölfarið.

### **Stjórnskipulag og stjórnarhættir Lindarhvols ehf.**

Í ræðu framsögumanns meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar (Skýrsla Ríkisendurskoðunar, bls. 15) kom eftirfarandi m.a. fram:

„Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á máli þessu og í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið leggur meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar til þá breytingu að í stað þess að Seðlabanki stofni og starfræki félag til að sýsla með verðmætin verði fjármálaráðherra heimilt að stofna félag og skipa því stjórn í sama tilgangi. Með því að hafa umsýsluna í sérstöku félagi fæst hæfileg armslengd frá ríkinu og í stað þess að ráðuneytið komi að sérhverri ákvörðun félagsins er gerður samningur við félagið sem endurspeglar áherslur ríkissjóðs sem eiganda verðmætanna”.

Armslengdin átti þannig að tryggja að aðilar væru sjálfstæðir og óháðir hver öðrum á jafnréttisgrundvelli.”

Í stjórn Lindarhvols ehf. voru skipaðir: skrifstofustjóri í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands og lektor við Háskóla Íslands.

Þá má vekja athygli á, að samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem vísað er til svara stjórnar Lindarhvols ehf. um stjórnarhætti félagsins kemur eftirfarandi m.a. fram (bls. 22).

„Stjórnin var samkvæmt lögum skipuð sérfræðingum sem hafa mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði. Samkvæmt starfsreglum félagsins var því skýrt að stjórn félagsins tók allar ákvarðanir og þar sem enginn starfsmaður var ráðinn hjá félagini, af þeiri einföldu ástæðu að verkefninu var afmarkaður mjög skammur tími, var stjórn félagsins mjög virk við alla stjórnun þess sem líka tryggið að kostnaður var í lágmarki, sem var eitt af markmiðum samningsins. Var farið yfir hverja einstu stöðugleikaeign á reglubundnum fundum stjórnar eins og fundargerðir félagsins bera augljóslega með sér. Framkvæmd verkefnisins var með þeim hætti að stjórn félagsins hafði fulla yfirsýn yfir stöðu allra stöðugleikaeigna á hverjum tíma, ábyrgð stjórnar var skýr og aðskilnaður starfa var öllum ljós. Fullt eftirlit stjórnar var á hverjum tíma og innra eftirlit var til staðar.“

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er jafnframt vísað til starfsreglna sem stjórn Lindarhvols ehf. samþykkti að starfa eftir. Regluverk þetta var mjög umfangsmikið en það innihélt samtals 134 skráða töluliði. Í fundargerðum stjórnar Lindarhvols ehf. þar sem fjallað var um sölu eigna var efnislega bókað:

*“að i samræmi við reglur félagsins um sölu eigna þá fór stjórn Lindarhvols ehf. itarlega yfir hvert og eitt tilboð sem barst innan tilboðsfrests. Stjórnin lagði mat á að framlögð tilboð með hliðsjón af öllum þáttum þeirra og á grundvelli þeirra atriða sem reglur félagsins gera ráð fyrir við slikt mat.”*

Settur ríkisendurskoðandi óskaði eftir upplýsingum frá Lindarhvoli ehf. um hvaða fyrirkomulag var viðhaft við matsskráningu stjórnar á einstökum þáttum sem komu til skoðunar við endanlega ákvörðun á sölu einstakra eigna. Svör bárust ekki önnur en þau er fram koma í fundargerðum stjórnar, sem sögðu að stjórnin hefði fylgt reglum itarlega.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (bls. 20) kemur fram að á öðrum stjórnarfundi Lindarhvols ehf. sem haldinn var 4. maí 2016 hafi verið samþykkt stjórnskipulag fyrir félagið ásamt skipuriti þess. Jafnframt eru helstu verkefni einstakra sviða og deilda talin upp, sbr. mynd 2.1. í nefndri skýrslu. Rétt er að vekja athygli á, að stjórnskipulag það sem samþykkt var á fyrnefndum stjórnarfundi Lindarhvols ehf. kom aldrei til framkvæmda. Í því sambandi vísast til þess, að félagið útvistaði eftirtöldum verkefnum í upphafi starfstíma síns:

- Við Lögmannsstofuna Íslög ehf. um að Íslög ehf. annist þjónustu á sviði framkvæmdastjórnar og lögfræðiþjónustu í tengslum við verkefni Lindarhvols ehf. Jafnframt að annast umsýslu, fullnustu og sölu á móttaknum eignum ríkissjóðs eftir því sem við á hverju sinni..
- Samið var við Fjársýslu ríkisins um að stofnunin annaðist: Færslu á bókhaldi eftir aðsendum fylgiskjólum, mánaðarlegar afstemmingar bankareiknings, mánaðarlegt uppgjör, ársuppgjör og samskipti við endurskoðanda.

Lögmannsstofan Íslög ehf. er til húsa að Túnsgötu 6, 101 Reykjavík og voru stjórnarfundir Lindarhvols ehf. að jafnaði haldnir þar. Utanumhald og skjalavarsla á stöðugleikaeignum svo og fjárvarsla vegna reksturs Lindarhvols ehf. fór fram á skrifstofu Íslaga ehf.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnarhætti Lindarhvols ehf. (bls. 22) er m.a. túlkað álit setts ríkisendurskoðanda sem hann setti fram í svonefndu „vinnuskjali sínu.“

„Þrátt fyrir að starfsfólk Lögmannsstofunnar Íslaga ehf. hafi búið yfir mikilli þekkingu og reynslu sem tengdust því verkefni sem hér er til skoðunar taldi settur ríkisendurskoðandi ad hoc í vinnuskjali sínu að þessi skipan hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til krafna um aðskilnað starfa,

ábyrgðar og innra eftirlits sem hefði átt að vera til staðar við framkvæmd verkefnisins. Eru þá fyrst og fremst hafðir í huga þeir miklu hagsmunir sem eru undirliggjandi og tengjast þessu viðfangsefni. Þess má geta að enginn starfsmaður var ráðinn til Lindarhvols ehf. til að sinna verkefnum á borð við úrvinnslu gagna, upplýsingagjöf, skjalavistun. Framangreind verkefni voru í umsjá starfsmanna Lögmannsstofunnar Íslaga ehf.“

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við túlkun Ríkisendurskoðunar á tilteknunum skrifum í greinargerð setts ríkisendurskoðanda frá júlí 2018. Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út hafði t.d. stjórnsýslu- og eftirlitsnefnd Alþingis ekki verið kynnt greinargerð setts ríkisendurskoðanda (sem Ríkisendurskoðun kýs reyndar að kalla vinnuskjal í sinni skýrslu).

Eftirfarandi kemur m.a. fram í greinargerð setts ríkisendurskoðanda er varðar ofangreind atriði.

„Fyrir utan daglega framkvæmdastjórn og lögfræðilega ráðgjöf sinnti Steinar Þ. Guðgeirsson eftirfarandi viðfangsefnum fyrir Lindarhvol ehf., Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands.

1. Skipaður í stjórn 4ra félaga á vegum Lindarhvols ehf.
2. Skipaður af stjórn Lindarhvols ehf. sem samskiptaaðili við Arion banka í tengslum við sölu bankans.
3. Skipaður af Seðlabanka Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Lindarhvoli ehf. sem eftirlitsmaður með umsýslu slitabúanna vegna fjársópseigna og varasjóða í umsjón þeirra.
4. Stjórnarmaður í 11 félögum í slitameðferð sem voru hluti af stöðugleikaeignum slitabúanna.
5. Ritari stjórnar Lindarhvols ehf.
6. Fundarstjóri og ritari á aðalfundi Lindarhvols ehf. árin 2017 og 2018.
7. Lögmannsstofan Íslög ehf. hafði umsjón í umboði stjórnar Lindarhvols ehf. með sölu á tilteknunum stöðugleikaeignum.

Þrátt fyrir að viðkomandi einstaklingur hafi búið yfir mikilli þekkingu og reynslu sem tengdust því verkefni sem hér er til skoðunar er það mat (setts ríkisendurskoðanda), að þessi skipan hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til krafna um aðskilnað starfa, ábyrgðar og innra eftirlits sem hefði átt að vera til staðar við framkvæmd verkefnisins. Eru þá fyrst og fremst hafðir í huga þeir miklu hagsmunir sem liggja undir og tengjast þessu viðfangsefni.“

Í þessu sambandi var verið að vísa til allra starfa Steinar Þ. Guðgeirssonar hrl. sem tengdust stöðugleikaeignum en ekki annarra starfsmanna lögmannsstofunnar. Í þessu sambandi væri þarfst að Ríkisendurskoðun upplýsti með hvaða hætti hún hefði lagt mat á hæfni annarra starfsmanna lögmannsstofunnar til að sinna störfum í tengslum við verkefni Lindarhvols ehf. og hvaða störf það væru.

### Hámarka virði eigna fyrir ríkissjóð.

Eitt fyrsta verk setts ríkisendurskoðanda var að kynna stjórn Lindarhvols ehf. með bréfi dags. 24. okt. 2016 þá ákvörðun hans, að við mat á framkvæmd reglna um umsýslu, fullnustu og sölu eigna yrðu tiltekin atriði einkum höfð til hliðsjónar við það mat og eftirlit. Áhersluatrið sem nefnd eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Lindarhvol ehf. eru þau sömu og fram koma í greinargerð setts ríkisendurskoðanda.

Með bréfi dags. 17. nóvember 2016 svarar Steinar Þ. Guðgeirsson (SÞG) fyrir hönd stjórnar Lindarhvols ehf. hvað varðar framkvæmd á þeim atriðum sem nefnd eru í fyrrgreindu bréfi. Í bréfi SÞG kemur m.a. fram, að upphafsviðmið á lágmarksverði væri ávallt bókfært virði einstakra eigna í reikningum slitabúanna undanfarin átta ár sem þau hefðu afhent Seðlabanka Íslands skv. samningi þar um. Ennfremur hafi mismunandi verklag verið viðhaft af hálfu félagsins við mat á lágmarksverði sem félagið setti sér fyrirfram

við sölu á hverjum tíma á grundvelli hinna samþykktu reglna. Þá hafi stjórn Lindarhvols ehf. leitað eftir aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga og ráðgjafa við verðmat tiltekina eigna.

Við yfirtöku Lindarhvols ehf. á stöðugleikaeignunum fór fram endurmat Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands, SPG á áætluðu virði hinna yfirteknu eigna. Niðurstaða endurmatsins var sú að eignirnar voru metnar á samtals 372,5 ma.kr. án varasjóða sem metnir voru að fjárhæð 11,8 ma.kr. eða samtals 384,3 ma.kr. Settur ríkisendurskoðandi taldi mikilvægt að við yfirtöku Seðlabanka Íslands og síðar ríkissjóðs hefði formlegt verðmat á stöðugleikaeignum legið fyrir. Í því sambandi er rétt að benda á, að við yfirtöku Lindarhvols ehf. á stöðugleikaeignunum frá ríkissjóði fór fram endurmat á virði eignanna.

Þar sem erfitt reyndist að sannreyna verðmatið út frá þeim upplýsingum sem lágu fyrir, ákvað settur ríkisendurskoðandi að skoða ársreikninga slitabúanna fyrir árin 2015/2016 og mat Seðlabanka Íslands á verðmæti framlagseigna. Sú skoðun sýndi að áætlað virði stöðugleikaframbla annars vegar í ársreikningum slitabúanna og hins vegar skv. mati Seðlabanka Íslands var umtalsvert herra en endurmat Fjármála- og efnahagsráðuneytis og fulltrúa Seðlabanka Íslands við yfirtöku Lindarhvols ehf. á stöðugleikaframlögum. Ætla má að meginhluti mismunarins sé vegna hluta stöðugleikaframbla sem ráðstafað var til slitabúanna vegna rekstrarkostnaðar þeirra að fjárhæð 14,3 ma.kr. sé ekki meðtalinn sem hluti stöðugleikaframbla við yfirtöku Lindarhvols ehf. í apríl 2016. Niðurstaða fyrrnefnds endurmats var bókuð í ríkisreikningi og notuð sem viðmið við ákvörðun á söluverði/lágmarksverði í fjölmögum tilvikum við fullnustu á eignum og við mat á árangri af samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf.

Í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar (bls. 29) kemur fram að allar eignasölur sem Lindarhvoll ehf. hafði umsjón með hafi verið skoðaðar af Ríkisendurskoðun og kannað hvort söluverð væri herra eða lægra en bókfært virði viðkomandi stöðugleikaeignar. Í þeim tilvikum þegar söluverð var lægra en bókfært virði hafi verið var óskað eftir skýringum frá stjórnendum Lindarhvols ehf. og hafi þær skýringar reynst fullnægjandi. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að stofnunin telur að reglum félagsins hafi verið var fylgt við eignasölur pess.

Telja verður æskilegt að efnislegar skýringar á frávikum liggi fyrir og út frá hvaða forsendum mat Ríkisendurskoðunar byggi, þannig að einstakar eignasölur teljist innan þeirra marka sem finna má í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. Í því sambandi nægir ekki að vísa til „Viðauka 1“ í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

### **Varasjóðir, fjársópseignir og rekstrarsjóðir.**

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um varasjóði, fjársópseignir og rekstrarsjóði kemur fram, að samningar Seðlabanka Íslands við slitabúin gerðu ráð fyrir að stofnaðir yrðu svonefndir varasjóðir. Hlutverk varasjóðanna var að tryggja efndir á ágreiningskröfum sem upp kæmu og mögulegum kröfum í íslenskum krónum. Enn fremur til greiðslu innlends kostnaðar á árinu 2015 til ársloka 2018.

Hluti stöðugleikaframbla í vörlu slitabúanna.

ma.kr.

1. Varasjóður (skaðleysis, ágreinings- og skattamál).	11,8
2. Fjársópseignir	4,9
3. Rekstrarsjóðir	14,3
Samtals	31,0

## Varasjóðir.

Með bréfi dags. 2. nóvember 2017 óskaði settur ríkisendurskoðandi eftir því við Seðlabanka Íslands að bankinn upplýsti um tiltekin atriði í samningum slitabúanna við Seðlabanka Íslands , m.a. um varasjóði, hlutverk og fjármögnun þeirra. Svar Seðlabanka Íslands var á þessa leið:

*„Varasjóðir slitabúanna í krónum voru til þess ætlaðir að mæta greiðslum í krónum sem óvissa ríkti um, innlendum kostnaði og sköttum sem ekki hafa áhrif á greiðslujöfnuð. Ef varasjóðir væru ekki að fullu nýttir gilti fjársósákvæði á eftirstöðvar þeirra.“*

Í samningum Seðlabanka Íslands við slitabúin er varðar rekstrarsjóði er kveðið á um að árlega skuli gera grein fyrir afkomu sjóðanna, vottað af endurskoðendum skv. kafla II. 1. a. í undanþágubréfi Seðlabanka Íslands.

Með bréfum dags. 2. nóvember og 19. desember 2017 til Seðlabanka Íslands óskaði settur ríkisendurskoðandi eftir að fá aðgang að undanþágubréfum Seðlabanka Íslands til slitabúanna. Seðlabanki Íslands var ekki reiðubúinn að afhenda undanþágubréfin og bar bankinn fyrir sig þagnarskyldu með vísan til laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Þess í stað vísaði Seðlabanki Íslands á slitabúin. Það er ekki fyrr en 11. apríl 2018 sem Seðlabanki Íslands var reiðubúinn að afléttu fyrir sitt leyti þeim trúnaði sem kveðið var á um í framsalssamningi milli Seðlabanka Íslands og slitabúa Glitnis ehf., Kaupþings ehf. og LBI ehf. í þágu eftirlits setts ríkisendurskoðanda.

Þá fór settur ríkisendurskoðandi þess á leit við slitabúin, að þau upplýstu hann um ráðstöfun á varasjóðum í þeirra vörlu. Svör tveggja slitabúa voru á þann veg, að samkvæmt samningi þeirra við Seðlabanka Íslands væru þau bundin af því að veita ekki upplýsingar til annarra en mótaðila nema til komi beiðni frá viðkomandi. Aðeins eitt slitabúanna svaraði að hluta til beiðnum setts ríkisendurskoðanda en vísaði síðan á Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi afhendingu á tilteknum upplýsingum.

Þau gögn er varða vottun ytri endurskoðenda slitabúanna á varasjóðum sem stjórn Lindarhvols ehf. afhenti settum ríkisendurskoðanda eru vagna:

LBI ehf. fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. ágúst 2016. Staðfestingarbréf endurskoðanda Glitnis ehf. dags. 28. mars 2017 nær til fjrða ársfjórðungs 2016. Staðfest yfirlit dags. 18. janúar 2018 frá endurskoðanda Kaupþings ehf. um ráðstöfun varasjóða fyrir árið 2017, þ.m.t. rekstrarsjóð. Í ársbyrjun 2018 var uppgjörum tveggja varasjóða Kaupþings ehf. lokið:

- Uppgjör varasjóðs LBÍ ehf. dags. 8. mars 2017 vegna ágreinings- og skattamála sýnir að af þeim 6,0 ma.kr. sem teknir voru til hliðar af stöðugleikaeignum voru eftirstöðvar varasjóðsins 3,9 ma.kr. greiddar til ríkissjóðs.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki að sjá að stofnunin hafi óskað eftir eða fengið staðfestingu ytri endurskoðenda slitabúanna á rekstri varasjóðanna eða framkvæmt eigin endurskoðun á tímabilinu.

## Fjársópseignir.

Við yfirtöku Lindarhvols ehf. á stöðugleikaframlögum frá ríkissjóði var gert ráð fyrir að slitabúin myndu skila 4,9 ma.kr. vegna fjársópseigna. Ennfremur segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

*„Fjársópseignir eru eignir sem ekki eru framseldar ríkissjóði og eru í eigu, vörlu og umsýslu slitabúanna sem skuldbinda sig til að greiða endurheimtur í íslenskum krónum vegna þeirra til ríkissjóðs eftir því sem þær falla til.“*

Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að í árslok 2017 hafi innheimta vegna fjársópeigna numið 13,3 ma.kr. sem er 8,4 ma.kr. umfram áætlun við yfirtökuna sem er 11% af svonefndum virðisauka stöðugleikaframlaga á starfstíma Lindarhvols ehf.

Settum ríkisendurskoðanda gafst ekki tími til að sannreyna skil slitabúa á innheimtu fjársópseigna þar sem heimild Seðlabanka Íslands til að afla gagna lá ekki fyrir fyrr en í apríl 2018.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2020 segir að umsýsla fjársópseigna hafi farið fram á reglubundnum fundum Lindarhvols ehf. og slitabúanna. Þannig hafi með góðu samstarfi við einstök slitabú náðst góður árangur á endurheimtum þeirra verðmæta sem lágu að baki fjársópeignum og tókust endurheimtur vegna þeirra langt á undan áætlun. Við athugun setts ríkisendurskoðanda á sölu eignarhluta slitabús Glitnis ehf. í Klakka ehf. óskaði hann eftir að slitabúið upplýsti hvort samráð hefði verið haft við stjórnendur Lindarhvols ehf. eða fulltrúa félagsins við sölu eignarhlutans í Klakka ehf. Svar slitabúsins var, að ekkert samráð hafi verið haft við stjórnendur Lindarhvols ehf. og/eða fulltrúa félagsins en gert ráð fyrir að stjórnendur Lindarhvols ehf. væru meðvitaðir um hið opna söluferli.

#### Rekstrarsjóðir.

Hluti stöðugleikaframlaga sem ráðstafað var til slitabúanna vegna rekstrarkostnaðar þeirra að fjárhæð 14,3 ma.kr. var ekki meðtalinn sem hluti stöðugleikaframlaga við yfirtöku Lindarhvols ehf. í apríl 2016. Í þeim gögnum sem stjórn Lindarhvols ehf. afhenti settum ríkisendurskoðanda og tengjast rekstrarsjóðum var uppgjör Glitnis HoldCo ehf.

- Uppgjör rekstrarsjóðs Glitnis HoldCo ehf. er frá 1. febrúar 2018. Samkvæmt ársreikningi slitabúsins fyrir árið 2015 voru 5,6 ma.kr. teknir til hliðar vegna rekstrar. Af þeirri fjárhæð hafa 2,2 ma.kr. verið endurgreiddir ríkissjóði. Þannig hefur innlendur rekstrarkostnaður greiddur af stöðugleikaignum numið 3,4 ma.kr.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er ekki sjá að stofnunin hafi aflað sér staðfestingar frá ytri endurskoðendum slitabúanna né framkvæmt eigin endurskoðun vegna rekstrarsjóða.

#### Sérstakar athuganir.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kafla 4.1 Sérstakar athuganir, segir:

*„Af öllum eignum sem Lindarhvoli ehf. var falin umsýsla á og fullnustaði hefur eingöngu komið fram gagnryni vegna einnar sölu, þ.e. sölu á eignarhluta í Klakka ehf. og tengri nauðasamningskröfú á félagið. Einn tilboðsgjafi fjármálaþyrirtæki, gerði athugasemdir við framkvæmd útboðsins til stjórnar Lindarhvols ehf. og var þeim athugasemdum svarað af hálfu stjórnar félagsins. Tilboðsgjafinn gerði ekki frekari athugasemdir.“*

Rétt er að geta þess að eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út í apríl 2020 var þann 29. september 2020 þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur að félagið Frigus II ehf. hefði stefnt íslenska ríkinu og Lindarhvoli ehf. til greiðslu bóta vegna hagnaðarmissis að fjárhæð 651 m.kr. vegna framgöngu og vinnulags stjórnenda Lindarhvols ehf. við sölu á eignarhluta í Klakka ehf. á haustmánuðum árið 2016.

Í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna eru áherslur ríkissjóðs m.a eftirfarandi:

- *Að hámarka verðmæti eignanna f.h. ríkissjóðs. Félagið skal flyta sölu eigna og endurheimtum krafna eins og kostur er, án þess þó að það komi niður á hámörkun verðmæta.*

- *Við umsýslu, fullnustu og sölu eignanna skal leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar.*
- *Gegnsæi skal tryggja með því að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggi fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar.*

Telja verður að það sé mikil einföldun að álykta sem Ríkisendurskoðun gerir í upphafi 4. kafla skýrslu sinnar, að framkvæmd Lindarhvols ehf. á fullnustu og sölu allra stöðugleikaframlagseigna gefi ekki tilefni til athugasemda vegna þess að aðeins

*„einn tilboðsgjaf, fjármálaþyrtæki, gerði athugasemdir við framkvæmd útboðsins til stjórnar Lindarhvols ehf. og var þeim athugasemdum svarað af hálfu stjórnar félagsins.“*

Þannig má eða eigi að álykta að þar með hafi Lindarhvoll ehf. að öllu leyti fullnægt samningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra. Í því sambandi má nefna að regluverk sem stjórn Lindarhvols ehf. setti sér að vinna eftir innhélt samtals 134 töluliði.

Á heimasiðu Úrskurðarnefndar upplýsingamála kemur fram að á tímabilinu mars 2018 til og með júlí 2020 úrskurðaði nefndin í fjórgang vegna Lindarhvols ehf. Í úrskurði nefndarinnar frá 23. mars 2018 segir:

*„Kærð var synjun Lindarhvols ehf. á beiðni kæranda um aðgang að gögnum um söluferli félagsins á eignarhluta og tengdum kröfum í Klakka ehf. Kærandi kvaðst hafa tekið þátt i söluferlinu og hyggði beiðni sína á III. kafla upplýsingalaga. Lindarhvoll ehf. veitti kæranda aðgang að hluta en um önnur gögn var ýmist vísað til þess að þau væru vinnugögn, hefðu að geyma upplýsingar um einkamálefni sem leynt skyldu fara eða sælu í sér bréfaskipti við sérfróða aðila í tengslum við dómsmál. Úrskurðarnefndin fór yfir umbeðin gögn með hliðsþónum af þessum sjónarmiðum og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi ætti sem þátttakandi í söluferlinu ríkan rétt til aðgangs að umbeðnum gögnum. Hin kærða ákvörðun var því fелld úr gildi og lagt fyrir Lindarhvol ehf. að veita kæranda aðgang að þeim.“*

Með erindi, dags. 3. janúar 2017, kærði A hrl., f.h. Frigusar II ehf., synjun Lindarhvols ehf., á beiðni Frigusar II ehf. dags. 24. nóvember 2016 um aðgang að fyrirliggjandi gögnum varðandi sölu Lindarhvols ehf. á eignarhluta og tengdum kröfum í Klakka ehf. Visað var til 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um rétt kæranda til aðgangs.

Í niðurstöðum Úrskurðarnefndar upplýsingamála í fyrmefndu kærumáli kemur m.a. fram.

*„Í ljósi þessa hafði kærandi hagsmuni af því að fá aðgang að hinum umbeðnu gögnum til að geta horið sig saman við aðra þátttakendur til að átta sig á því hvernig staðið var að ákvörðun um söluna. Þótt kærandi eigi mesta hagsmuni af því að fá aðgang að gögnum um hann aðila sem varð hlutskarpastur kann hann einnig að hafa gagn af því að sjá gögn annarra umsækjenda, til að öðlast frekari innsýn í þau skilyrði sem Lindarhvoll ehf. beitti við val á milli þeirra. Ekki er unnt að fallast á að upplýsingar um að tiltekinn lögaðili hafi tekið þátt i opinberu söluferli teljist til upplýsinga um einkamálefni hans í skilningi 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga í ljósi framangreindra sjónarmiða. Því var Lindarhvoli ehf. ekki stætt á því að heita þátttakendum í söluferlinu trúnaði um þátttökuna. Félagið er bundið af ákvæðum upplýsingalaga og frá þeim verður ekki vikið með yfirlýsingum af þessu tagi.“*

Þá segir í úrskurðarorðum Úrskurðarnefndar upplýsingamála kemur fram að Lindarhvöli ehf. beri að veita kæranda, Frigusi II ehf. aðgang að eftirfarandi gögnum:

1. Fundargerðum funda stjórnar Lindarhvols ehf., dags. 18. og 20. október 2016.
2. Tölvupóstum B hrl. til stjórnar Lindarhvols ehf., dags. 15. október 2016 og 16. október 2016.
3. Drögum að minnisblaði B hrl., dags. 19. október 2016, sem lágu fyrir á stjórnarfundi Lindarhvols ehf., dags. 20. október 2016.
4. Afritum af þeim premur tilboðum sem bárust innan tilboðsfrests.
5. Staðfestingum Lindarhvols ehf. á móttöku þeirra tilboða sem bárust innan tilboðsfrests, dags. 14. október 2016.
6. Afritum af svörum Lindarhvols ehf. til þeirra þriggja tilboðsgjafa sem skiliðu tilboðum innan tilboðsfrests, dags. 20. október 2016.
7. Afritum af gögnum um samskipti við tilboðsgjafana þrjá, nánar tiltekið:
  - a. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Ásaflatar ehf., dags. 3. október 2016.
  - b. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Fjeldsted og Blöndal lögmannsstofu, f.h. BLM fjárfestinga ehf., dags. 3.-7. október 2016.
  - c. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Kviku banka ehf., dags. 10.-14. október 2016.
  - d. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Kviku banka ehf., dags. 17. október 2016.
  - e. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Kviku banka ehf., dags. 18. október 2016, ásamt fylgiskjali.
  - f. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Kviku banka ehf., dags. 14.-20. október 2016.
  - g. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Fjeldsted og Blöndal lögmannsstofu, f.h. BLM fjárfestinga ehf., dags. 20.-21. október 2016.
  - h. Tölvupóstsamskiptum Lindarhvols ehf. og Kviku banka ehf., dags. 7.-9. nóvember 2016.
8. Kaupsamningi um kaup á nauðasamningskröfum í Klakka ehf., dags. 1. nóvember 2016.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (bls. 35) kemur eftirfarandi m.a. fram:

„*Begar til kastanna kom bárust þrjú tilboð, frá jafnmögum tilboðsgjöfum, rafrænt fyrir lok tilboðsfrestsins og voru þau öll mjög hliðstæð.*“

Tilboðin eru síðan listuð upp á eftirfarandi hátt.

- BLM fjárfestingar ehf. átti hæsta tilboðið að fjárhæð kr.505.000.161
- Annað hæsta tilboðið var að fjárhæð kr. 502.000.000
- Priðja hæsta tilboðið var að fjárhæð kr. 500.950.431

Í úrskurðarorðum Úrskurðarnefndar upplýsingamála frá því í mars 2018 kemur fram hverjur þeir aðrir sem gerðu tilboð en BLM fjárfestingar ehf. voru en það var Kviku banki ehf. og Ásaflatir ehf. Þá liggur fyrir að sá aðili sem fyllað er um í skýrslu Ríkisendurskoðunar kafla 4.2.3. og 4.2.4 er Frigus II ehf.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kafla 4.2.5. Mat setts ríkisendurskoðanda ad hoc á söluvirði Klakka ehf. er vísað til „Vinnuskjal. Ekki til dreifingar.“ dags. 4. desember 2017. Í fyrrnefndum kafla kemur eftirfarandi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

„Í bréfi til stjórnar Lindarhvols ehf. dags. 4. desember 2017 og í vinnuskjali frá júlí 2018 birti settur ríkisendurskoðandi ad hoc útreikning á mögulegu söluvirði Klakka ehf. sem byggður var á ársreikningi og árshlutareikningi Klakka ehf. auk tiltekina leiðréttингa sem ætlað var að endurspeglar breytingar á fjárhagsstöðu félagsins til söladags. Miðað við gefnar forsendur taldi settur ríkisendurskoðandi ad hoc að mögulegt væri að meta virði eignarhlutar ríkissjóðs á bilinu 881-952 m.kr. Settur ríkisendurskoðandi ad hoc benti jafnframt á í áðurnefndu bréfi til Lindarhvols ehf. að þær ályktanir sem unnt væri að draga um

þetta væru ekki einhlítar. Þar gæti margt komið til svo sem að bókfært verð reikningsskila Klakka ehf. endurspeglæði hvergi næri hæfilegt gangvirði á eignum fyrirtækisins og þá hafi við ofangreint mat ekki verið tekið tillit til ónýtrar skattainneignar sem ætla mætti að sé umtalsvert.“

Tilefni ofangreinds vinnuskjals var annars vegar að kynna fyrir stjórn Lindarhvols ehf. að settum ríkisendurskoðanda hefði borist bréf dags. 16. desember 2016 þar sem lögmaður Frigus II ehf. kom á framfæri beiðni félagsins um að gerð yrði úttekt á starfsemi Lindarhvols ehf. Tilefni beiðnarnar var það mat umbjóðanda hans, að um ámælisverða málsmæðferð væri að ræða við sölu á nauðasamningskröfum og eignarhluta í Klakka ehf. Svar setts ríkisendurskoðanda dags. 27. desember 2016 var á þann veg að þær upplýsingar sem fram kæmu í fyrrnefndu bréfi yrðu hafðar til hliðsjónar við eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. vegna fullnustu stöðugleikaeigna.

Síðara atriðið í fyrrgreindu vinnuskjali var að óska eftir rökstuðningi og upplýsingum ásamt viðeigandi gögnum um hvert ásett lágmarksverð Lindarhvols ehf. á eignarhlut ríkissjóðs í Klakka ehf. hefði verið þegar salan fór fram. Þá var ennfremur óskað eftir rökstuðningi og upplýsingum um hvaða forsendur og mat stjórn Lindarhvols ehf. lagði á verðmæti nauðasamningskrafna við mat á því lágmarksverði sem stjórnin setti sér fyrir sölu og/eða við mat á hluta í söluberði. Þar sem ekki lágu fyrir fullnægjandi upplýsingar frá Lindarhvoli ehf. að mati setts ríkisendurskoðanda, m.t.t. hvernig stjórn Lindarhvols ehf. hefði framkvæmt ákvæði samnings milli félagsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

Stjórn Lindarhvols ehf. svaraði með bréfi dags. 2. janúar 2018. Þar sem eftirfarandi kom m.a fram.

*„Ekkert ásett lágmarksverð var sett á eignina þegar sala hennar var auglýst eins og skýrlega kemur fram í þeim gögnum varðandi söluferlið sem afhent hafa verið settum ríkisendurskoðanda og voru jafnframt birt opinberlega. Viðmið stjórnar um lágmarksverð við söluna var virði eignarinnar við framsal, samkvæmt viðauka við viðkomandi stöðugleikasamning, að teknu tilliti til greiðslusluflaðis af eigninni ásamt öðrum viðmiðunum. Stjórn Lindarhvols ehf. hafði aust þess til hliðsjónar varðandi viðmið sitt um lágmarksverð óvissu við opið söluferli á slíkri eign eins og hér um ræðir, þ.e. nauðasamningskröfu í félagi eins og Klakka ehf., sem háð er mörgum utanaðkomandi þáttum eins og seljanleika slíkra krafna, áhættu í rekstri félagsins, almennra og sértækra skilyrða í nauðasamningi félagsins“.*

Ársreikningur Klakka ehf. í árslok 2016 sýnir að hrein eign til skipta hjá Klakka ehf. er 14 ma.kr og þar af var eignarhluti í Lýsingu hf. skráður á 12 ma.kr. sem svarar til eigin fjár þess félags. Arðsemi eigin fjár hjá Lýsingu hf. var rúmlega 12% fyrir árið 2016 og samkvæmt því sýnist mega halda því fram að bókfært eigið fé endurspegli a.m.k. virði félagsins. Að óskiptu fengu tilteknir kröfuhafar í Klakka ehf. 75% af virði Lýsingar hf. sem svarar til 9 ma.kr. Að öðru leyti koma því til skipta 3 ma.kr. vegna Lýsingar hf. og 2 ma.kr. af peningalegum eignum (nettó) Klakka ehf.eða samtals 5 ma.kr. Eignarhlutur ríkissjóða vegna stöðuleikaframlags Kaupþings ehf. í Klakka ehf. nam um 18% sem svarar til 900 m.kr..

Eftir að hafða skoðað og kannað ársreikning Klakka ehf. á árinu 2016 taldi settur ríkisendurskoðandi rétt að fá sérfræðing til að leggja mat á virði þessara eigna til að hægt væri að gera samanburð við söluandvirði Klakka ehf. Óskað var aðstoðar Stefán Svavarsson endurskoðanda til að gera ofangreindan samanburð. Stefán hefur víðtæka reynslu sem endurskoðandi og hefur stundað kennslu í endurskoðun og reikningsskilum við Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst um langt árabil.

Í fyrrnefndu vinnuskjali setts ríkisendurskoðanda dags. 4. des. 2017 til stjórnar Lindarhvols ehf. eru m.a. tvær töflur sem unnar eru af Stefáni Svavarssyni endurskoðanda.

Töflurnar sýna bókfærða stöðu eignarhluta ríkissjóðs í Lýsingu hf. í árshlutareikningi Klakka ehf. á miðju ári 2016 og aðrar eignir nettó með tilteknum leiðréttum sem gerð er grein fyrir.

Þá er önnur tafla sem tekur til viðbótar fyrri töflu tiltekin atriði m.v. upplýsingar sem koma fram í ársreikningi Klakka ehf. fyrir árið 2016. Þannig er reiknaður eignarhlutur ríkissjóðs að fjárhæð 881 m.kr. í fyrra dæminu og 952 m.kr. í seinna dæminu. Þess skal getið að endanlegt mat setts ríkisendurskoðanda er varðar verðmat á eignarhluta ríkissjóðs í Klakka ehf. m.v. árshlutareikning félagsins að teknu tilliti til leiðréttigar er 952 m.kr.. Áætlað eigið fó Klakka ehf. um mitt ár 2016 við mat á verðmæti eignarhluta ríkisins var í fyrra dæminu 12.052 m.kr. og í seinna dæminu 13.641 m.kr. eftir leiðréttigar.

Á vefsíðu Morgunblaðsins , mbl.is þann 7. júlí 2018 kemur fram að Tryggingamiðstöðin hf. hafi lagt fram skuldbindandi kauptilboð í alla hluti í Lykli ehf. áður Lýsingu fjármögnum hf. Í framhaldi af kauptilboðinu ákvæð Lykill ehf. að hefja einkaviðræður við Tryggingamiðstöðina hf. vegna mögulegra kaupa félagsins á Lykli ehf. Tilboð Tryggingamiðstöðvarinnar hf. nam 10.600 m.kr. en var háð ýmsum fyrirvörum. Þann 10. október 2019 var undirritaður samningum um kaup Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á Lykli ehf. að fjárhæð 9.250 m.kr. auk hagnaðar ársins 2019 sem nam um 344 m.kr. Í tilkynningu vegna kaupanna kemur fram að „*Eigið fó Lykils var 11.688 milljónir króna um mitt ár 2019. Hlutfall kaupverðs á móti áætluðu eigin fó í árslok 2019 er 0,82 miðað við áætlanir um afkomu Lykils á árinu 2019.*“

Í fyrrnefndu vinnuskjali setts ríkisendurskoðanda kemur fram að frá ársbyrjun 2016 til loka september sama ár hafi Klakki ehf. skilað til rétthafa 1.029 m.kr. Framangreind fjárhæð er 2,86% af hluta hins selda í nauðasamningskröfu og jafnframt tvöfalt hærri fjárhæð en nam söluverði Klakka ehf. Frá söludegi 2016 til októbermánaðar 2017 var innheimta 17,77% hluta í nauðasamningskröfum 327 m.kr.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, kafli 4.3.2. Söluverðmæti segir m.a..

*“Ríkisendurskoðun hefur einnig kannað söluverðmæti hlutarins í Klakka ehf. með það fyrir augum að meta hvort hann hafi verið seldur á ásættanlegu verði.*

*.....Innborguð stöðugleikaframlög vegna nauðasamningskrafna á Klakka ehf. og tengdra eignarhluta í félaginu skiluðu ríkissjóði samtals 2.490 m.kr. Umsýsla og sala Lindarhvols ehf. á kröfum og eignarhluta vegna Klakka ehf. skilaði ríkissjóði 197 m.kr. umfram kröfuvirði. Þannig er ljóst að söluverðmæti eignarinnar var tæplega 200 m.kr. hærra en eignin var metin sem stöðugleikaframlag.”*

Sjá nánari sundurliðun á ofangreindum fjárhæðum í yfirlitinu hér á eftir:

## Framsal stöðugleikaeigna Klakka ehf. - framsal í m.kr.

	Kaupþing ehf.	Glitnir ehf.	Samtals
Eignarhluti í Klakka ehf.	17,77%	11,66%	29,43%
Áætlað eigið fé Klakka ehf.:			
Eigið fé Klakka ehf. 30. júní 2016 - Dæmi 1			12.052
Eigið fé Klakka ehf. 30. júní 2016 - Dæmi 2			13.641
Mat á hluta ríkissjóðs í eigið fé 30/06 2016	952	1.250	2.202
BLM fjárfestingar ehf.:			
Samþykkt tilboðsverð	505	650	1.155
Gr. til ríkissjóðs fyrir eigendaskipti til lækkunar á tilboðsverði	-82	-171	-253
Endanlegt söluverð	423	479	902
Greiðsla til BLM ehf. vegna nauðasamningskrafna febr. 2017 til jan. 2018	303	229	532
Virði stöðugleikaeigna við framsal	1.551	0	1.551
Innheimta nauðasamningskrafna og sala eignarhl. í Klakka ehf.			
Innheimta nauðasamningskrafna 2016	1.115	502	1.617
Greiðsla frá Kaupþingi ehf. 2016	210	0	210
Söluvirði eignarhluta í Klakka ehf. greitt 2017	423	240	663
Samtals inngreiðslur til ríkissjóðs.	1.748	742	2.490
Greiðslur til slitabús Glitnis ehf. vegna Klakka ehf. (fjársópseign)			
Innheimta nauðasamningskrafna 2016	375	375	375
Söluvirði eignarhluta Klakka ehf. greitt 2017	239	239	239
Samtals inngreiðslur til slitabús Glitnis ehf. (fjársópseign)	614	614	614
Ríkisendurskoðun lagði mat sitt á hvort söluverðmæti stöðugleikaeigna Klakka ehf. hjá Kaupþingi ehf. væru umfram virði við framsal.			
Samtals inngreiðslur til ríkissjóðs sbr. ofangreint			1.748
Kröfuvirði framlagseigna Klakka ehf. hjá Kaupþingi ehf.			-1.551
Inngreiðslur umfram áætlað kröfuvirði			197

## **Annað.**

Með bréfi forseta Alþingis dags. 19. september 2016 var undirritaður, settur ríkisendurskoðandi til að annast endurskoðun ársreikning Lindarhvols ehf. og tilgreint eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf., sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum.

Setning setts ríkisendurskoðanda gildir þar til verkefnum Lindarhvols ehf. lýkur eða skilyrði vanhæfis þáverandi ríkisendurskoðanda eru fallin brott. Á fundi þann 25. maí 2018 með aðallögfræðingi Alþingis, f.h. forseta Alþingis og nýskipuðum ríkisendurskoðanda var undirrituðum kynnt sú ákvörðun ríkisendurskoðanda að hann yfirtæki verkefnið þar sem skilyrði vanhæfis ríkisendurskoðanda væri fallið brott. Í framhaldi af þeiri ákvörðun var ákveðið að settur ríkisendurskoðandi myndi afhenda Ríkisendurskoðun verkefnið með greinargerð miðað við lok maímánaðar 2018.

Með bréfi til forseta Alþingis dags. 27. júlí 2018 fylgdi greinargerð mín sem gerði grein fyrir vinnu minni og þeim þáttum sem ég taldi veigamikla í tengslum við endurskoðun á framkvæmd, fullnustu og umsýslu stöðugleikaeigna sem slitabú afhentu Seðlabanka Íslands fh. ríkissjóðs skv. samningi þar um. Þá benti ég á, að við lestur greinargerðarinnar þarf að hafa í huga að verkefnið er ekki lokið. Í sama bréfi óskaði ég eftir við forseta Alþingis að hann veitti mér lausn frá setningu sem (settur) ríkisendurskoðandi með formlegum hætti.

Með bréfi forseta Alþingis dags. 10. ágúst 2018 var ég leystur frá störfum sem settur ríkisendurskoðandi.

Virðingarfyllst,

Sigurður Þórðarson  
fyrrv. settur ríkisendurskoðandi